

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjahlíð 4. maí 2018

Efni: Athugasemdir fulltrúa Landssamtaka landaeigenda á Íslandi við tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru – og menningarsögulegum mynjum 2018 – 2029. Þingskjal 689- 479. mál.

Forsaga málsins er að undirrituð Guðrún María Valgeirsdóttir var í desember 2016 skipuð af hálfu Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LÍ) í ráðgjafanefnd um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru – og menningarsögulegum mynjum. Það er skemmst frá því að segja að vegna misstaka umhverfisráðuneytisins fékk ég aldrei boð á fundi ráðgjafanefndarinnar né nokkur gögn þar um. Það var síðan fyrir hreina tilviljun í byrjun þessa árs að ég kemst að því að tillagan er komin til umsagnar og fyrir dyrum stóð almenn kynning á henni. Við lestur tillögunnar má líta svo á að ég hafi komið að vinnu við gerð hennar en því fer víðs fjarri að svo hafi verið.

Eftir samtöl við starfsmenn ráðuneytisins er fulltrúum stjórnar LÍ boðið til fundar þar sem farið er yfir undangengna vinnu og okkur boðið að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri. Sem við og gerum ég tel hins vegar að mjög lítið tillit hafi verið tekið til þeirra ábendina enda skýrslan þá þegar nánast fullbúin. Við lestur þingsályktunartillögunar sem heitir jú „**tillaga til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru – og menningarsögulegum mynjum 2018 – 2029.**“ Virðist mér að nánast eigöngu sé verið að taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar og hvernig sú atvinnugrein – með fullri virðingu fyrir henni – geti fénytt sér land i eigu einkaaðila án þess að biðja þurfi um leyfi eða að nokkuð komi fyrir. Undir það get ég ekki skrifað.

Það var minn skilningur í samtölum við starfsmenn ráðuneytisins að þess yrði látið getið að mistök hefðu orðið við fundarboðun fulltrúa LÍ í ráðgjafanefndinni en við lestur tillögunar verð ég hvergi vör við það.

Ég óska hér með eftir að nafn mitt verði tekið út úr þessari tillögu – ég kom jú aldrei að vinnu við gerð hennar – og að þess verði getið með einhverjum hætti afhverju fulltrúi LÍ treystir sér ekki til að skrifa upp á hana.

Virðingarfyllt

Guðrún María Valgeirsdóttir.